

**Sp.**

**537. Fyrirspurn**

[291. mál]

til sjávarútvegsráðherra um áætlun um hvalarannsóknir.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvað líður endurskoðun áætlunar um hvalarannsóknir sem boðuð var þegar gildistöku samnings við Hval hf. um hvalveiðar í vísindaskyni var frestað og hún ákveðin 1. janúar 1986?
2. Hvernig hefur sú endurskoðun verið unnin?
3. Hvenær verður hin endurskoðaða áætlun kynnt?
4. Hvað líður samningum um skiptingu hrefnuveiða milli aðila?
5. Verður notkun nýrra norskra sprengiskutla skyld samkvæmt samningnum?